

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 2010 í máli nr. U-9/2009:

A

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

gegn

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

(Þórður Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. mars síðastliðinn, barst dóminum 16. nóvember sl. með beiðni sóknaraðila, A, ..., um að úrskurður varnaraðila, Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, frá 20. október 2009, um að dóttir hennar, B, verði vistuð á vegum varnaraðila, verði ógiltur með úrskurði dómsins. Sóknaraðili krefst þess einnig að kröfu varnaraðila, um að stúlkan verði vistuð utan heimilis í átta mánuði frá 23. október 2009 að telja, verði hafnað. Þá er þess krafist að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Varnaraðili krefst þess að dómurinn staðfesti úrskurðinn frá 20. október sl., um að heimilt sé að vista stúlkuna utan heimilis sóknaraðila í tvo mánuði, frá og með 23. október 2009 að telja, sbr. b-lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Einnig er þess krafist að dómurinn úrskurði að B verði vistuð utan heimilis sóknaraðila í átta mánuði frá 23. október 2009 að telja, sbr. 1. mgr. 28. gr. sömu laga. Ekki er gerð krafa um málskostnað.

Málsatvik og ágreiningsefni

Stúlkan sem hér um ræðir er fædd ... og er því ... ára. Hún hefur búið hjá móður sinni og lotið forsjár hennar, en frá 9. nóvember sl. hefur hún dvalist hjá föður sínum, C, ..., samkvæmt ákvörðun varnaraðila.

Úrskurður varnaraðila var kveðinn upp 20. október 2009. Hann er reistur á því að sóknaraðili hafi á undanförunum árum ekki getað séð til þess að dóttir hennar hljóti þá skólagöngu sem hún eigi rétt á og skylt sé að veita henni samkvæmt lögum. Stúlkan hafi fimmta árið í röð lítið stundað skóla. Þrátt fyrir margvísleg úrræði og stuðning hafi ekki tekist að færa lélega skólasókn stúlkunnar til betri vegar vegna lítillar samvinnu og úthaldsleysis sóknaraðila þegar á úrræði reyni. Í úrskurðinum segir enn fremur að ljóst sé að vafi leiki á hæfni og getu sóknaraðila til að brjóta upp það munstur sem skapast hafi í lífi stúlkunnar sem njóti ekki skólagöngu og fari því á mis við nám, sem hún eigi rétt á og skylt sé að veita henni, svo og félagsþroska sem hún verði ekki aðnjótandi vegna skorts á skólagöngu. Brýnt sé að rjúfa þá einangrun sem hún búi nú við þannig að hún fái notið

skólagöngu og samskipta við jafnaldra.

Með úrskurðinum var ákveðið að brýnir hagsmunir stúlkunnar mæltu með því að hún yrði tekin af heimili sóknaraðila og vistuð á vegum varnaraðila samkvæmt b-lið 27. gr. barnaverndarlaga, enda hafi úrræði samkvæmt 24. gr. laganna ekki skilað árangri. Skyldi vistun vera í allt að tvo mánuði, frá og með 23. október 2009 að telja. Stúlkan var tekin af heimilinu 26. október s.á. og vistuð á vistheimili barna til 9. nóvember sl., en frá þeim degi hefur hún búið hjá föður sínum samkvæmt ákvörðun varnaraðila og sótt skóla.

Með beiðni sóknaraðila til dómsins 16. nóvember sl. er þess krafist að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Í greinargerð varnaraðila, sem lögð var fram í þinghaldi 9. desember sl., er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur. Einnig er þar krafist að dómurinn úrskurði samkvæmt 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga að stúlkan verði vistuð utan heimilis sóknaraðila í átta mánuði frá 23. október 2009 að telja.

Í greinargerð sóknaraðila, sem lögð var fram 17. desember sl., er þess krafist að kröfu varnaraðila, um að stúlkan verði vistuð utan heimilis í átta mánuði frá 23. október 2009 að telja, verði hafnað.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að stúlkan hafi verið vistuð utan heimilis síns án lögmatra ástæðna. Þessu er mótmælt af hálfu varnaraðila og því haldið fram að um hafi verið að ræða nauðsynlegt úrræði sem grípa hafi þurft til vegna lélegrar skólasóknar stúlkunnar og félagslegrar einangrunar. Það sé grundvallaratriði að stúlkan mæti í skóla.

Í upphaflegri kröfugerð sóknaraðila var þess krafist að framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar yrði frestað á meðan málið væri til meðferðar fyrir dómi. Fallið var frá þeirri kröfu í þinghaldi 24. nóvember sl.

Varnaraðili hefur skipað stúlkunni talsmann samkvæmt 3. mgr. 46. gr. barna verndarlaga. Hann hefur skilað skýrslu í málinu þar sem afstaða stúlkunnar kemur fram. Með því er litið svo á að henni hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um málið samkvæmt 3. mgr. 55. gr. barnaverndarlaga.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess að hinn umdeildi úrskurður hafi verið kveðinn upp þegar sóknaraðili hafi verið í útlöndum ásamt stúlkunni. Starfsmenn varnaraðila hafi eftir heimkomu þeirra farið inn á heimili sóknaraðila mánudaginn 26. október í fylgd einkennisklæddra lögreglumanna og tekið stúlkuna til vistunar. Sóknaraðili hafi á þeirri stundu ekki vitað um úrskurð varnaraðila.

Úrskurðurinn byggðist á því að vafi léki á um hæfni og getu sóknaraðila til að setja stúlkunni mörk og að nýta boðin stuðningsúrræði. Sóknaraðili telji hins vegar að vanda B megi rekja til þess að hún hafi fengið ranga greiningu einkenna á sínum tíma og í kjölfarið hafi ranglega verið unnið að því styrkja hana og styðja. Sóknaraðili hafi ekki fengið viðeigandi aðstoð fyrir dóttur sína og þrátt fyrir

fyrirheit og skriflegar áætlanir, sem sóknaraðili hafi undirritað, hafi vantað að þeim væri fylgt eftir af hálfu barnaverndaryfirvalda.

Sóknaraðili hafi að öllu leyti verið til samstarfs við varnaraðila. Hún telji það úrræði, að vista stúlkuna utan heimilis og rjúfa tengsl þeirra mæðgna, skaðlegt stúlkunni. Þá hafi aðfarir starfsmanna varnaraðila, þegar stúlkun var tekin af heimili sínu, verið til þess fallnar að valda óþarfa hræðslu og kvíða hjá stúlkunni og þannig hafi verið brotið gegn 80. gr. barnaverndarlaga þar sem fram komi að sýna eigi barni og foreldrum nærgætni auk þess að undirbúa eigi barn fyrir vistun utan heimilis.

Afskipti varnaraðila af sóknaraðila og stúlkunni hafi hafist í apríl 2006 þegar hún hafi sjálf tilkynnt varnaraðila um vanrækslu ...skóla og þjónustumiðstöðvarinnar D á málum stúlkunnar. Hún hafi hafið nám í ...skóla árið 2005. Sóknaraðili hafi ítrekað reynt að kynna fyrir skólanum og D stöðu stúlkunnar til að tryggja að hún fengi nauðsynlega sérkennslu. Varnaraðili hafi kannað málið og lokið því án formlegrar niðurstöðu og án þess að gefa sóknaraðila tækifæri til þess að kynna sjónarmið sín frekar eða veita andsvör.

Í kjölfarið hafi þrautaganga sóknaraðila hafist og hún gengið milli fulltrúa barnaverndaryfirvalda og mismunandi sviða heilbrigðisþjónustu. Hún hafi einnig tekið á við einelti sem dóttir hennar hafi orðið fyrir í ...skóla.

Stúlkun hafi skipt yfir í ...skóla haustið 2007. Í upphafi skólagöngunnar þar hafi sóknaraðili sett sig í samband við yfirstjórn skólans og lagt fram gögn þar sem upplýsingar komi fram um námsörðugleika stúlkunnar. Einnig hafi fylgt taugasálfræðileg skýrsla, greinargerð frá ...skóla og greinargerð frá BUGL. Þessi gögn hafi verið til þess fallin að styrkja B, skýra stöðu hennar og marka máli hennar farveg. ...skóli hafi aldrei tekið tillit til þessara gagna eða farið eftir þeim.

Það hafi ekki verið fyrir en varnaraðili hafði tekið yfir mál sóknaraðila og boðað til fundar að ...skóli hafi lagt fram einstaklingsmiðaða kennsluáætlun 20. apríl til 9. júní 2009, en þá hafi stúlkun verið komin í 7. bekk. Vandamálin, sem þá höfðu ágerst, hafi hins vegar girt fyrir að áætlunin kæmi til framkvæmdar. Frá fyrstu tíð hafi sóknaraðili gengið eftir því við skólana að þeir upplýstu um námskrá og að þeir fylgdu reglugerð um sérkennslu þannig að stúlkun fengi þá kennslu sem hún hafi sárlega þurft á að halda.

Sóknaraðili telji vanda stúlkunnar fyrst og fremst að rekja til rangrar greiningar einkenna í upphafi og í kjölfarið hafi ranglega verið unnið með vandamál hennar. Vandastúlkunnar hafi í upphafi verið lesblinda. Í taugasálfræðilegri athugun Jónasar G. Halldórssonar sálfræðings 1. nóvember 2006 komi fram að stúlkun búi að sértækum námserfiðleikum sem [...]. Það sé álit sálfræðingsins að þörf sé á tilhliðrunum, stuðningi og skilningi í skóla eins og eðlilegt megi telja. Þá leggi hann til ákveðnar kennsluáðferðir sem hafi nýst vel. Enginn þeirra skóla sem stúlkun hafi gengið í hafi tekið tillit til þessa. Í dag [...]. Þessi einkenni séu afleiðing þess að lesblindu hennar hafi ekki verið sinnt á sínum tíma. Hún hafi einangrast í skóla og [...]. Hún hafi ekki verið formlega greind lesblind og þess vegna ekki fengið rétta nálgun frá kennurum.

Inngrip barnaverndar á árinu 2009 hafi byggst á því að sóknaraðili væri vanhæfur til þess að setja stúlkunni mörk, koma henni í skóla og ekki þegið þau úrræði sem henni hefðu verið boðin.

Sóknaraðili hafi frá fyrstu tíð verið í samstarfi við barnaverndaryfirvöld. Hún hafi hins vegar margsinnis óskað eftir því að starfsmenn nefndarinnar töluðu við hana á mannamáli og að hugtök og aðgerðir væru útskýrðar fyrir henni. Hún hafi ekki verið fús til þess að samþykkja aðgerðir og áætlanir nema fyrir lægi skýring á því hvað byggji þar að baki. Hún hefði undirritað áætlanir sem ekki hefði verið framfylgt af hálfu yfirvalda. Hún hafi margsinnis samþykkt að undirgangast forsjárhæfnismat án þess þó að hún hefði verið boðuð í slíkt mat. Það hafi ekki verið fyrr en eftir að barnaverndaryfirvöld höfðu aðskilið móður frá barni að jafnhranalegan hátt.

Í ljósi þess að sóknaraðili hafi sjálfur hlutast til um afskipti barnaverndar yfirvalda og ætíð verið fús til samstarfs, þó að ágreiningur hafi verið með aðilum um form og efni, séu aðgerðir starfsmanna varnaraðila mánudaginn 26. október 2009 með öllu óskiljanlegar. Þann dag hafi starfsmenn varnaraðila farið í fylgd einkennisklæddra lögreglumanna inn á heimili sóknaraðila sem hafði þá ekki verið kynntur úrskurður nefndarinnar frá 20. október. Vegna ástands stúlkunnar, sem starfsmönnum nefndarinnar hafi sannarlega verið kunnugt um, hafi þær aðfarir verið til þess fallnar að vekja hjá henni kvíða og ofsahræðslu. Sóknaraðili hafi fengið að hitta stúlkuna þá um kvöldið á Vistheimili barna. Hún hafi merkt einkenni áfalls hjá dóttur sinni, enda tæki það á að vera óviðbúið skilin frá móður á jafnhranalegan hátt.

Úrskurður varnaraðila frá 20. október kveði á um tveggja mánaða vistun á vegum varnaraðila, auk þess sem gerð sé krafa fyrir dóminum um að stúlkan verði vistuð utan heimilis í átta mánuði eða þar til skólagöngu hennar ljúki í vor.

Sóknaraðili telji að með þessari aðgerð sé heilsu stúlkunnar stefnt í hættu. Rekja megi veikindi hennar í dag til þess að skólakerfið hafi brugðist henni. Hún hafi ekki fengið þá kennslu sem hún hafi sannarlega þurft á að halda. Þar sem aðgerðir yfirvalda grundvallist á því að sóknaraðili sé orsök vandans þá sé litið fram hjá hinum raunverulega vanda og hann því enn ekki meðhöndlaður. Það sé sá vandi sem Jónas G. Halldórsson hafi lýst þegar í nóvember 2006.

Með vísan til þessa telji sóknaraðili ekki rétt að stúlkan sé færð af heimili sínu. Sóknaraðili hafi ávallt lýst sig reiðubúna til samstarfs og það sé hún enn. Að hennar áliti myndi stúlkunni farnast best ef hún fengi kennslu sem tæki mið af stöðu hennar, þörfum og þeim sérfræðiálitum sem liggi til grundvallar og greini vanda hennar.

Krafa varnaraðila um að stúlkan verði vistuð utan heimilis í allt að átta mánuði feli í sér verulega einföldun á vandamáli hennar. Sú ákvörðun sé byggð á því að vandamálið felist í því að sóknaraðili sé ekki nægilega sterk til þess að setja dóttur sinni mörk og koma henni í skóla. Inngrip varnaraðila sé þörf til þess að koma stúlkunni í skóla. Það sé mat Jónasar G. Halldórssonar sálfræðings og Stefáns J. Hreiðarssonar læknis, sem hafi báðir komið að málum stúlkunnar til lengri tíma, að vandamál hennar sé fyrst og fremst fólgið í því að hún þjáist af afgerandi

einkenum sértækrar leshömlunar eða dyslexíu. Sóknaraðili hafi undanfarin ár barist við vindmyllur í þeirri tilraun sinni að tryggja að dóttirin fái viðeigandi úrræði og að þau taki mið af greiningu lækna. Læknisvottorð Jónasar frá 1. nóvember 2006 tilgreini að fái stúlkan ekki úrræði við hæfi þá séu umtalsverðar líkur á því að [...]. Það hafi nú allt komið fram.

Vandamál stúlkunnar felst ekki í því að sóknaraðili vanræki skyldur sínar. Vandamálið sé að skólakerfið og félagslega kerfið hafi brugðist gagnvart þeim mæðgum. Óskað hafi verið eftir því við Mennta- og menningarmálaráðuneytið að fram færi athugun á skólaferli stúlkunnar en því hafi verið hafnað.

Sóknaraðili telji að verði fallist á vistun stúlkunnar utan heimilis feli það í sér að ekki verði brugðist við hinni raunverulegu rót vandans. Skólavist stúlkunnar verði að taka mið af álitum þeirra lækna sem þekki best til hennar og að nám hennar verði einstaklingsmiðað út frá sértækum námserfiðleikum. Stúlkan hafi jafnframt lýst því fyrir talsmanni sínum að hún vilji umfram allt vera hjá móður sinni.

Ljóst megi því vera að fái stúlkan fullnægjandi þjónustu skólakerfisins, eins og réttur hennar standi til samkvæmt lögum um grunnskóla, sbr. 2. og 13. gr. laga nr. 91/2008, verði hægt að beina skólaferli hennar í réttan og eðlilegan farveg. Jafnframt að líklegast sé að henni farnist best í umhverfi þar sem henni líði vel hjá móður sinni.

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Málsatvikum er af hálfu varnaraðila lýst þannig að foreldrar stúlkunnar hafi skilið á árinu 2003. Málefni stúlkunnar hafi verið til umfjöllunar hjá varnaraðila frá maí 2006 vegna mikilla fjarvista hennar frá skóla frá hausti 2005 og vangetu sóknar aðila til að setja dóttur sinni mörk varðandi skólagöngu hennar. Úrræði á grundvelli laga um félagsþjónustu, sem unnin hafi verið í samvinnu við þjónustumiðstöð ..., skóla telpunnar og sóknaraðila, hafi ekki komið að gagni og svo virtist sem



sóknaraðili gæti ekki nýtt sér þann stuðning. Skólagangan haustið 2006 hafi gengið vel til að byrja með og hafi stúlkan nýtt sér sérkennsluúrræði. Fljótlega hafi hins vegar farið að halla undan fæti vegna tíðra fjarvista og þegar mánuður var liðinn af skólanum hafi ástandið verið orðið slæmt þrátt fyrir reglulega fundi skóla, sálfræðings og sóknaraðila. Lagt hafi verið til af hálfu starfsmanna varnaraðila að gerð yrði meðferðaráætlun á grundvelli 23. gr. barnaverndarlaga, sem miðaði að því að telpan fengi innlögn á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL), auk þess sem sóknaraðili yrði styrkt í uppeldishlutverki sínu. Sóknaraðili hafi hins vegar hafnað þeirri tillögu og talið sig ekki fá nauðsynlega aðstoð fyrir dóttur sína.

...skóli hafi tilkynnt um fjarvistir telpunnar að nýju 16. nóvember s.á. en þá hafði telpan ekki mætt í skóla frá 23. október og þar áður einungis mætt tvo til þrjá daga að meðaltali í viku. Hún hafi byrjað göngudeildarmeðferð á BUGL 29. nóvember s.á. Hinn 14. desember s.á. hafi BUGL upplýst að [...] og fundur verið haldinn í skóla til að upplýsa hvernig best væri að taka á móti henni aftur í skólann. Einnig hafi komið fram að sóknaraðili ætti í erfiðleikum með að koma með telpuna í

viðtölin og hafi eitt viðtal fallið niður vegna þessa. Hinn 19. desember s.á. hafi ... skóli ítrekað áhyggjur sínar af dræmri skólasókn telpunnar sem enn hefði ekki komið í skólann frá 23. október. Sóknaraðili hafi lýst því í viðtali við starfsmann varnaraðila að BUGL hefði staðfest veikindi telpunnar og því mætti hún ekki fara í skólann. Telpa væri í viðtölum hjá sálfræðingi sem sóknaraðili hefði útvegað. Sóknaraðili hafi samþykkt áætlun um meðferð máls en hvorki leyft að komið yrði á heimilið né rætt við telpuna.

Tveir samráðsfundir hafi verið haldnir með skóla og BUGL í ársbyrjun en telpan hefði þá hvorki mætt í skólann né í meðferðarviðtöl á BUGL. Fram hafi komið að hún hefði verið greind með [...]. Þá hefði sóknaraðila verið ráðlagt að [...]. Sóknaraðili hafi hins vegar talið að allir hefðu brugðist þeim mæðgum og að enn hefði ekki fengist nauðsynleg aðstoð fyrir stúlkuna. Í mars 2007 hafi telpan verið bráðainnlögð á BUGL vegna [...]. Í framhaldinu hafi hún verið til samvinnu um að þiggja meðferðarviðtöl á BUGL og sækja þar skóla. Einnig hafi sóknaraðili leitað sér aðstoðar [...].

Haustið 2007 hafi stúlkana hafið nám í ... skóla og mætingar verið góðar. Hún hafi samlagast vel að sögn móður og skóla og því hafi verið ákveðið að hætta afskiptum á grundvelli barnaverndarlaga 5. október 2007. Tilkynning hafi borist frá ... skóla 21. febrúar 2008 vegna slakra mætinga telpunnar, kvíða og vanlíðunar. Við könnun málsins hafi komið fram að [...] hefðu mætingar telpunnar farið versnandi og verið orðnar afar slæmar vorið 2008. Þá daga sem telpan mætti í skólann hafi hún verið glöð og ánægð. Hún ætti við lestrarörðugleika að stríða en hefði þó ekki verið greind með lesblindu. Samkvæmt því sem fram komi í samantekt varnaraðila í málum mæðgnanna hefðu þær notið stuðnings á grundvelli félagsþjónustulaga frá þjónustumiðstöðinni ... í formi listmeðferðar fyrir telpuna, viðtala á Fjölskyldu miðstöð og hjá sálfræðingi Jafnframt hafi sóknaraðili sótt uppeldisnámskeið og fengið ráðgjöf hjá ráðgjafarstofu heimilanna.



Í júní 2008 hafi verið haldinn fundur með meðferðaraðilum telpunnar og sóknaraðila en þá hafi stúlkunni liðið betur að mati sóknaraðila þar sem skóla væri lokið. Meðferðaraðilar hafi talið markaleysi vera í samskiptum mæðgnanna þar sem telpan stýrði samskiptum bæði við sóknaraðila og starfsfólk og hefði hún oft og tíðum sýnt kynferðislega og ögrandi hegðun þegar hún var innlögð á BUGL. Áhyggjur sóknaraðila hafi einnig lotið að því að telpan væri farin að skaða sig með oddhvössum hlutum. Varnaraðili hafi óskað eftir könnunarviðtali í Barnahúsi sem lið í könnun samkvæmt 22. gr. barnaverndarlaga. Samkvæmt BUGL hefði töluverður árangur náðst varðandi [...]. Hún hefði glímt við talsverða námserfiðleika og virtist kvíðinn tengdur náminu. Hún myndi jákvæð tengsl og sækja í félagsleg samskipti en hegðun hennar sé markalaus og ögrandi á heimili og á BUGL.

Í september s.á. hafi verið gerð meðferðaráætlun á grundvelli 23. gr. barnaverndarlaga í samvinnu við sóknaraðila, þar sem m.a. hafi verið gert ráð fyrir stuðningsfjölskyldu fyrir telpuna, greiningu og ráðgjöf á heimilinu og samráð við ... skóla. Einnig hafi verið veittur fjárhagsstuðningur vegna skóla og fæðisgjalda og samband haft við [...].

Á samráðsfundi með skóla, BUGL, Greiningu og ráðgjöf, sóknaraðila og starfsmönnum varnaraðila 14. október s.á. hafi komið fram að stúlkan mætti stopult í skólann. Í einhverjum tilfellum hefði starfsmaður frá skólanum komið á heimilið og sótt hana og væri hún þá glöð og kát skólanum. Hjá greiningu og ráðgjöf vistheimilis barna hafi komið fram að stúlkan væri mikið við stjórnvölin á heimilinu og stjórnaði í raun skólagöngu sinni. Sóknaraðili virtist orkulaus og uppgefin. Læknir á BUGL hafi talið vanda telpunnar ekki vera þess eðlis að hún gæti ekki stundað skóla heldur þvert á móti ætti hún að fara í skólann og takast á við það sem henni þætti erfitt þannig að hún gæti unnið á kvíðanum. Efla þyrfti sóknaraðila til að aðstoða telpuna og setja skýr mörk.

Annar fundur hafi verið haldinn 20. október s.á. og hafi samdóma álit með ferðaraðila og skóla verið að lítið hefði áunnist og að sóknaraðili væri ekki tilbúin að vinna að þeim markmiðum sem stefnt væri að. Þeir aðilar sem komið hefðu að stuðningi við mæðgurnar hefðu talið stuðningsúrræði fullreynd í nóvember s.á. og lagt til að telpan yrði vistuð á vistheimili barna til að koma reglu á skólagöngu hennar. Sóknaraðili hafi viljað íhuga þann möguleika en afþakkað og enn haldið því fram að telpan fengi ekki nauðsynlega þjónustu, þ.e. sérkennslu og iðjuþjálfun. Enn hafi verið haldinn samráðsfundur 17. desember s.á. Þá hefði telpan ekki mætt í skólann lengi en til taks hafi verið námsefni við hennar hæfi og sérkennsla. Mat allra sem fundinn sátu, að undanskildum sóknaraðila, hafi verið að vistun utan heimilis yrði að reyna til að brjóta upp hið óæskilega mynstur sem myndast hefði um skólagöngu stúlkunnar.

Stúlkunni hafi verið skipaður talsmaður 10. febrúar 2009, sbr. 46. gr. barna verndarlaga. Honum hefði hins vegar gengið erfiðlega að ná símasambandi við heimilið. Lögmaður sóknaraðila hafi komið þeim skilaboðum áleiðis 9. mars s.á. að sóknaraðili óskaði ekki eftir því að talsmaður ræddi við telpuna. Vegna alvarlegra lýsinga móður á veikindum barnsins og [...], hefði verið ákveðið á fundi varnaraðila 24. febrúar s.á. að hafa samband við sálfræðing á BUGL sama dag og hafi viðtal fyrir telpuna verið fengið degi síðar. Ekki hafi náðst símasamband við



heimilið til að tilkynna um tímann fyrir en degi síðar og hafi sóknaraðili ekki getað nýtt tímann þar sem hún hafi verið úti á landi en telpan í bænum með frænku sinni. Boðist hafi verið til að hafa milligöngu um að koma telpunni í viðtalið en sóknaraðili hafi afþakkað það og ætlað sjálf að panta nýjan tíma.


Sóknaraðili hafi samþykkt vistun telpunnar utan heimilis svo framarlega sem um styrkt fóstur væri að ræða samkvæmt 65. gr. barnaverndarlaga. Varnaraðili hafi falið starfsmönnum sínum að gera áætlun um meðferð máls í samvinnu við sóknaraðila þar sem mælt skyldi fyrir um að sóknaraðili undirgengist forsjárhæfnismat, leitaði aðstoðar [...] og undirgengist meðferð eða endurhæfingu. Þá skyldi mæla fyrir um að telpan fengi nauðsynlegan stuðning.

Málið hafi verið tekið fyrir að nýju á fundi varnaraðila 10. mars 2009 og hafi sóknaraðili mætt á fundinn ásamt lögmanni sínum. Starfsmönnum varnaraðila hafi í framhaldinu verið falið að afla skriflegs samþykkis sóknaraðila fyrir vistun barnsins utan heimilis, sbr. 25. gr. barnaverndarlaga. Sóknaraðili hafi undirritað samþykki fyrir vistun í sex mánuði frá 17. mars til 17. september 2009 og með ferðaráætlun í samræmi við bókun varnaraðila frá 24. febrúar s.á. Talsmaður hafi

Verið skipaður á ný fyrir barnið. Fyrirhugað hafi verið að talsmaður ræddi við telpuna 16. mars og að starfsmaður kæmi á heimilið 17. mars og færi með þeim mæðgum á vistheimilið. Hvorugt hafi gengið eftir þar sem sóknaraðili hafi tilkynnt 17. mars að hún drægi samþykki sitt til baka fyrir vistun barnsins. Sóknaraðili hafi enn fremur hafnað beinum samskiptum við starfsmann varnaraðila og viljað fá skila boð í gegnum lögmann sinn.

Á fundi varnaraðila 24. mars s.á., sem sóknaraðili hafi mætt á ásamt lögmanni sínum, hafi m.a. komið fram að telpan hefði ekki sótt skóla frá því í nóvember 2008. Bókað hafi verið að mat varnaraðila væri að það þjónaði hagsmunum barnsins best að vistast utan heimilis, enda yrði ekki unað við óbreytt ástand og stuðningur við heimilið hefði ekki skilað þeim árangri sem vænst hefði verið. Skyldi málið lagt fyrir að nýju 31. mars með tilliti til þess að beita þyrfti þvingunarúrræðum á grundvelli barnaverndarlaga ef sóknaraðili samþykkti ekki vistun barnsins utan heimilis fyrir þann tíma. Málið hafi verið tekið fyrir þann dag og hafi sóknaraðili mætt ásamt lögmanni sínum. Þar hafi komið fram að afstaða telpunnar væri skýr, hún vildi ekki fara í tímabundið fóstur og teldi að aðstæður sínar væru góðar hjá sóknaraðila. Telpan stefndi að því að fara í skólann eftir páska. Talsmaður hennar hafi hitt hana í eitt skipti og talið geðslag hennar og þroska eðlilegan. Á fundinum hafi verið bókað að barnið væri í brýnni þörf fyrir aðstoð vegna núverandi aðstæðna og það myndi þjóna hagsmunum þess best, í ljósi þess hversu skammt var til loka skólaárs, að gerð yrði meðferðaráætlun í samvinnu við sóknaraðila til þriggja mánaða og að málið yrði lagt fyrir varnaraðila að nýju í lok júní 2009.

Fundur hafi verið haldinn 17. apríl s.á. með sóknaraðila og lögmanni hennar, starfsmönnum varnaraðila, BUGL, menntasviðs Reykjavíkurborgar, þjónustumiðstöðvar og ...skóla. Þar hafi komið fram að allir aðilar hafi verið reiðubúnir að styðja þær mæðgur til að telpan mætti njóta áframhaldandi skólagöngu, enda yrði sóknaraðili til samvinnu um að þiggja þau úrræði sem í boði væru. Gerð hafi verið tillaga um meðferðaráætlun í lok fundar samkvæmt óskum sóknaraðila og stuðningstillögum fundarmanna. Áætlun þessi hafi verið send lögmanni sóknaraðila sem hafi ætlað að skoða hana með sóknaraðila með tilliti til undirritunar. Í lok maí s.á. hafi hins vegar komið í ljós að lögmaðurinn hefði ekki



náð í sóknaraðila og því hefði meðferðaráætlunin ekki verið rædd. Skólahjúkrunar fræðingur, sem boðist hafi til að sækja telpuna í skólann á morgnana, hafi ekki haft árangur sem erfiði þar sem ýmist hafi ekki náðst í sóknaraðila eða telpan sögð sofandi. Telpan hafi því verið án skólagöngu frá nóvember 2008 til skólaloka í júní 2009. Mæðgurnar hafi ekki mætt í fimm boðuð viðtöl hjá lækni á BUGL.

Á fundi varnaraðila 30. júní s.á. hafi sóknaraðili hafnað vistun telpunnar utan heimilis en lýst sig reiðubúna til samstarfs um stuðningsúrræði. Gert var ráð fyrir því að meðferðaráætlun yrði undirrituð en af því hafi ekki orðið. Sóknaraðili hafi einnig hafnað því að talsmaður ræddi við telpuna. Lögmaður sóknaraðila hafi haft samband við starfsmenn varnaraðila 17. september s.á. og sagt að sóknaraðili vildi fá tækifæri til að aðlaga telpuna í nýjum grunnskóla, ...skóla. Hún væri reiðubúin að undirgangast forsjárhæfnismat og að fylgst yrði með mætingum telpunnar en samþykkti ekki að rætt yrði við telpuna á heimili. Upplýsingar hafi borist frá ...skóla 29. september s.á. um að telpan hefði mætt í tvo daga það sem af væri skólaárinu.

Málið hafi verið lagt fyrir varnaraðila að nýju 6. október s.á. Sóknaraðili hafi mætt á fundinn ásamt lögmanni og óskað eftir fresti á fyrirtöku um hálfan mánuð þar sem greinargerð fundarins hefði ekki borist þeim. Varnaraðili hafi orðið við þeirri beiðni.

Málið hafi aftur verið lagt fyrir fund varnaraðila 20. október s.á. og hafi lögmaður sóknaraðila mætt en sóknaraðili verið fjarverandi og stödd erlendis ásamt telpunni. Fram hafi komið að telpan hefði mætt í þrjá til fjóra daga í skólann það sem af var hausti. Forsjárhæfnismat hefði ekki enn verið komið af stað þar sem ekki hefði náðst til sóknaraðila. Í bókun varnaraðila komi fram að fullreynt sé að fá sóknaraðila til samstarfs um að bæta hag og aðstæður telpunnar á grundvelli barnaverndarlaga að svo stöddu og nauðsynlegt sé að tryggja henni viðunandi uppeldisskilyrði, skólagöngu og bæta líðan hennar og stöðu. Mat varnaraðila hafi verið að brýnir hagsmunir barnsins mæltu með því að telpan yrði tekin af heimili og vistuð á vegum varnaraðila, sbr. b-lið 27. gr. barnaverndarlaga enda hefðu úrræði samkvæmt 24. gr. sömu laga ekki skilað árangri. Ákveðið hafi verið að vista barnið utan heimilis í tvo mánuði frá 23. október að telja. Varnaraðili hafi jafnframt ákveðið að gera þá kröfu fyrir dóminum að telpan yrði vistuð utan heimilis í átta mánuði eða þar til skólagöngu hennar lyki í vor. Í samræmi við úrskurðinn hafi telpan verið tekin úr umsjá sóknaraðila 26. október 2009. Hún hafi dvalið á vistheimili barna til 9. nóvember s.á., en þá hafi hún flutt á heimili föður síns og verið vistuð þar síðan samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga.

Af hálfu sóknaraðila hafi verið óskað eftir því að faðir telpunnar fengi tímabundið forsjá hennar. Varnaraðili hafi fundað um málið 17. nóvember s.á. og



hafi sóknaraðili mætt á fundinn ásamt lögmanni sínum. Starfsmönnum varnaraðila hafi verið falið að gera samkomulag um umgengni við sóknaraðila þar sem sóknar aðili hefði samþykkt að telpan vistaðist hjá föður út skólaárið. Sóknaraðili hafi samþykkt 25. nóvember s.á. tímabundna vistun barnsins hjá föður til loka skólaárs, þó með fyrirvara um niðurstöðu héraðsdóms. Sóknaraðili hafi jafnframt samþykkt meðferðaráætlun með sama fyrirvara um vistun stúlkunnar hjá föður, umgengni sóknaraðila við hana og að sóknaraðili færi í forsjárhæfnismat. Samkomulag hafi verið undirritað um umgengni sóknaraðila við barnið á vistunartíma.

Varnaraðili styðji kröfu sína um vistun barnsins utan heimilis fyrst og fremst þeim rökum að umræddur úrskurður hafi fengið lögformlega málsmeðferð og sé gildur að lögum. Við uppkvaðningu hans hafi verið gætt meðalhófs og tekið mið af því að ítrekað hafi vægari úrræði samkvæmt 24. gr. barnaverndarlaga verið reynd og séu þau fullreynd án þess að viðunandi árangur hafi náðst, þar sem aðstæður telpunnar hafi ekki batnað. Fullreynt sé að fá sóknaraðila til samstarfs um að bæta hag og aðstæður telpunnar á grundvelli barnaverndarlaga að svo stöddu og sé nauðsynlegt að tryggja henni viðunandi uppeldisskilyrði, skólagöngu og bæta líðan hennar og stöðu.

Varnaraðili fallist ekki á að sóknaraðili hafi verið að öllu leyti til samstarfs. Sóknaraðili hafi frá upphafi afskipta barnaverndaryfirvalda af málefnum telpunnar hafnað tillögum um stuðningsúrræði, ekki mætt í viðtöl hjá sérfræðingum og gert starfsmönnum sóknaraðila erfitt fyrir að ná sambandi við sig. Telpunni hafi þrívægis verið skipaður talsmaður á grundvelli 46. gr. barnaverndarlaga til þess að gefa

henni kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og hafi sóknaraðili í öll skiptin sett sig upp á móti því að talsmaður næði til barnsins, utan eitt skipti þegar talsmaður hafi verið skipaður í febrúar á þessu ári. Talsmaður hafi nú verið skipaður fyrir barnið í fjórða skiptið vegna þessa máls.

Fjölmargin sérfræðingar á vegum barnaverndaryfirvalda, BUGL og skóla hafi komið að málefnum telpunnar og beri þeim saman um að telpan sé vel fær um að stunda almennt nám og sé það henni fyrir bestu. Sóknaraðili sé á öðru máli og telji telpuna vera of veika til að geta stundað almenna skólagöngu. Undanfarin fimm ár hafi hún ekki getað séð til þess að telpan hljóti þá skólagöngu sem hún eigi rétt á og skylt sé að veita samkvæmt grunnskólalögum. Þrátt fyrir viðtækan stuðning væru málefni telpunnar enn við það sama og ljóst að lítið sem ekkert hefði áunnist. Sóknaraðili hafi lýst því að hún hefði hvergi fengið aðstoð varðandi dóttur sína og ekkert gert til að koma þeim mæðgum til aðstoðar. Svo virtist sem sóknaraðili gerði sér á engan hátt grein fyrir þeim vanda sem við blasti og telji skort á skólagöngu eingöngu tilkominn vegna veikinda telpunnar. Brýnt sé að rjúfa þá einangrun sem telpan hafi búið við þannig að hún fái notið skólagöngu og samskipta við jafnaldra.

Málefnalegar ástæður hafi legið að baki uppkvaðningu úrskurðar um vistun utan heimilis og hafi meðalhófsreglunnar verið gætt í hvívetna við meðferð málsins. Úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp eingöngu með sjónarmið um velferð telpunnar að leiðarljósi og með vitund um þá brýnu nauðsyn að koma til móts við



telpuna með öðru móti en áður hafi verið gert til þess að hún fái tækifæri til að þroskast eins og jafnaldrar hennar. Enn fremur liggi úrskurðinum til grundvallar að sóknaraðili hafi hafnað að nýta sér þann stuðning sem boðinn hafi verið í því skyni að bæta aðstæður barnsins.

Úrskurðurinn sé í samræmi við 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga en þar segi að í barnaverndarstarfi skuli beita þeim ráðstöfunum sem ætla megi að barni séu fyrir bestu. Þá sé varnaraðili eingöngu að fara eftir lagaskyldu, en samkvæmt 1. tl. 12. gr. barnaverndarlaga sé hlutverk varnaraðila að kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla megi að búi við óviðunandi aðstæður eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Barnaverndarnefndir skuli samkvæmt 2. tl. sömu lagagreinar beita þeim úrræðum samkvæmt lögnum, til verndar börnum, sem best eigi við hverju sinni. Í gögnum málsins komi fram að sóknaraðili hafi bæði lýst því yfir að til greina komi að vista telpuna utan heimilis og jafnframt samþykkt í eitt skipti slíka ráðstöfun en afturkallað það síðar. Nú liggi fyrir samþykki sóknaraðila fyrir vistun telpunnar hjá föður út skólaárið, samkomulag um umgengni og áætlun um meðferð máls, sem miðist við vistun barnsins hjá föður, en samþykkið sé þó háð fyrirvara um niðurstöðu dómsmálsins.

Varnaraðili telji það þjóna hagsmunum stúlkunnar best að vistast utan heimilis út þetta skólaár svo vinna megi með henni á vanda hennar. Eins og staðan hafi verið síðustu ár, verði það ekki gert inni á heimili sóknaraðila. Miklu skipti að hún fái viðeigandi stuðning, þ.e. að fylgt verði eftir vistun hennar hjá föður og fylgst með líðan hennar í skóla, að veittur verði sá stuðningur sem hún þurfi, svo sem sálfræðiviðtöl, og að fylgt verði eftir umgengni hennar við sóknaraðila eins og meðferðaráætlun frá 25. nóvember 2009 mæli fyrir um. Þessi stuðningur verði ekki

veittur á tveimur mánuðum. Varnaraðili telji lágmarkstíma út skólaárið, eða átta mánuði að telja frá uppkvaðningu úrskurðar varnaraðila, enda vandi telpunnar ekki nýtilkominn. Varnaraðili telji þá niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að vista telpuna utan heimilis, í samræmi við meginreglu barnaréttar, en við slíka ákvörðun beri sem endranær þegar málum barna er skipað, að taka það ráð sem barni sé fyrir bestu.

Þar sem varnaraðili telji nauðsynlegt að vistun telpunnar standi lengur en þá tvo mánuði sem varnaraðili hafi heimild til að úrskurða um, sbr. 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga, sé sú krafa gerð fyrir dóminum að annars vegar staðfesti dómurinn úrskurð varnaraðila frá 20. október 2009, um að heimilt sé að vista stúlkuna utan heimilis sóknaraðila í tvo mánuði, sbr. a-lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga, og hins vegar að telpan verði vistuð utan heimilis sóknaraðila í átta mánuði frá og með 23. október 2009, sbr. 1. mgr. 28. gr. sömu laga.

Niðurstaða

Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi, eins og fram kemur í 3. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003. Aðrar foreldraskyldur eru taldar í lagagreininni og í 1. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga er réttindum barna og skyldum foreldra lýst. Verði alvarlegar misfellur á því að foreldrar ræki lögboðnar skyldur ber barnaverndarnefnd að kanna aðbúnað og uppeidisskilyrði barna og meta þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga. Barnaverndarnefndum ber að beita þeim úrræðum samkvæmt lögnum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra, sbr. 2. tl. sama lagaákvæðis.

Varnaraðila barst tilkynning frá ...skóla 31. maí 2006 um miklar fjarvistir dóttur sóknaraðila úr skóla frá því um haustið. Í tilkynningunni kemur fram að tekið hafi verið á málinu, fyrst innan skólans í samvinnu við foreldra, og síðan í samráði við sálfræðing og félagsráðgjafa í þjónustumiðstöð Þessi vinna hafi ekki skilað árangri. Einnig barst varnaraðila tilkynning 6. júní s.á. frá sálfræðingi í Þar kemur fram að töluverð vinna hafi verið í málum sóknaraðila, svo sem með viðtölum sóknaraðila hjá sálfræðingi, uppeidissnámskeiðum, listmeðferð fyrir dóttur hennar og stuðningi á heimili. Í málinu hefur verið lagt fram yfirlit yfir þessi stuðningsúrræði frá hausti 2005 til sumars 2006. Í tilkynningunni er því lýst að þessi inngríp hafi ekki skilað árangri sem skyldi og virtist sóknaraðili ekki geta nýtt sér þau. Enn fremur kemur þar fram að stúlkan hafi verið greind með kvíða og lesblindueinkenni en sú greining skýri ekki þá miklu vanlíðan og þann hegðunarvanda sem stúlkan sýni. Sóknaraðili sýni mikil vanlíðunareinkenni og hafi sagt að hún réði illa við aðstæður sínar, þar á meðal vanda barnsins. Í tilkynningu ...skóla 16. nóvember 2006 var ítrekað að stúlkan mætti mjög illa í skólann og að gerðar hefðu verið ýmsar ráðstafanir af hálfu skólans til að bæta úr því. Skólinn og kennarar hafi reynt að mæta þörfum hennar eftir bestu getu. Þriðja tilkynning ... skóla er frá 19. desember s.á. um miklar fjarvistir stúlkunnar en hún hafi ekkert mætt í skólann frá 24. október það ár.

Í gögnum málsins kemur fram að stúlkan hafi fyrst komið á göngudeild Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans í nóvember 2006 þegar hún var .. ára.

Meðferðin á göngudeildinni hafi aðallega verið miðuð við að [...]. Hún hafi fengið meðferð og leitað hafi verið leiða til að aðstoða hana til þátttöku í skólastarfi á ný. Auk þess hafi verið lögð áhersla á stuðning við sóknaraðila. Í fyrstu hafi ekki tekist að koma stúlkunni í viðtöl og hafi hún fengið sjúkrakennslu frá skólanum. Stúlkán hafi verið lögð inn á barnageðdeild í mars 2007 vegna inntök lyfja en verið útskrifuð þaðan í júní sama ár. Hún hafi hafið nám í ...skóla um haustið. Þar virtist ganga ágætlega þar til um vorið en þá hafi aftur farið að bera á lélegum mætingum. Skólasókn stúlkunnar var nánast engin veturinn 2008 til 2009 eins og þegar hefur komið fram og lýst er í gögnum málsins.

Í taugasálfræðilegri athugun Jónasar G. Halldórssonar sálfræðings frá 1. nóvember 2006 kemur fram að forsaga málsins sé sú að stúlkán hafi átt við náms erfiðleika að stríða, auk kvíða og vanlíðunar. Þegar athugun fór fram var stúlkán í 5. bekk ...skóla. Í niðurstöðu athugunar kemur fram að [...]. Þörf sé á stuðningi, tilhliðrunum og skilningi í skóla. Styðja þurfi við bakið á stúlkunni og styrkja hana í félagslegum samskiptum við jafnaldra og leitast við að finna leiðir til að bæta líðan hennar og auka sjálfstraust. Bent er á aðferðir og úrræði sem hafi reynst vel þegar um sértæka námserfiðleika væri að ræða.

Í vottorði Stefáns J. Hreiðarssonar læknis 13. desember 2009 kemur fram að stúlkán hafi átt í erfiðleikum í námi og aðlögun. Hún hafi átt við lestrarerfiðleika að stríða frá upphafi skólagöngu og verið ítrekað til athugunar vegna þessa. Í vottorðinu er vísað til ýmissa athugana, sem gerðar hafi verið, og er stöðu stúlkunnar og getu hennar lýst. Einnig er líðan hennar lýst og einkennum um vanlíðan og veikleika í félagsfærni, auk athyglisbrests. Um sé að ræða alvarlega sértæka námserfiðleika sem náí bæði til lestrar (dyslexía) og stærðfræði. Þá sé til staðar saga um ríka tilhneigingu til kvíða sem hafi leitt til innlagnar á Barna- og unglíngageðdeild og ýmiss konar stuðnings. Skólaganga hafi verið slitrótt, bæði vegna flutninga og vegna þess að mætingar hafi ekki verið sem skyldi. Skýringa megi því að hluta leita í því að þörfum hennar fyrir sérkennslu, námsstuðning og skilning hafi ekki verið mætt á fullnægjandi hátt. Mikilvægt sé að námsþörfum hennar sé sinnt í samræmi við greiningu sértækra námserfiðleika, hún fái sérkennslu í lestri og stærðfræði með einstaklingsnámskrá, með skýrum námsmarkmiðum sem taki mið af taugaröskun hennar. Einnig séu ýmsar tilhliðranir mikilvægar, svo sem námsefni á snældu og að henni sé hlíft við upplestri. Þá þurfi hún stuðning til að styrkja sjálfsmýnd.

Í úrskurði varnaraðila er rakið að stúlkán hefði ekki farið í skóla í tæpt ár að undanskildum þremur til fjórum dögum. Skólaganga hennar hafi verið stopul allt frá því í 3. bekk og hún glími við umtalsverða námsörðugleika. Afskipti á grundvelli barnaverndarlaga hafi hafist í maí 2006 þegar skóli og þjónustumiðstöð hafi tilkynnt um slaka skólasókn telpunnar. Frá þeim tíma hafi stuðningur á grundvelli barnaverndarlaga verið reyndur. Þeir sem hafi komið að stuðningi og meðferð hafi haft reglulegt samráð og reynt að rjúfa þann vítahring sem hafi orðið varðandi skólamál stúlkunnar. Sóknaraðili virtist á engan hátt gera sér grein fyrir þeim vanda sem við blasti og telji skort á skólagöngu eingöngu tilkominn vegna veikinda dóttur sinnar. Brýnt sé að rjúfa þá einangrun sem stúlkán búi við þannig að hún fái notið skólagöngu og samskipta við jafnaldra.

Í viðtali stúlkunnar við talsmann sinn á stofu hans 9. desember sl. í tilefni af dómsmáli þessu virtist stúlkunni líða vel. Í skýrslu talsmannsins kemur fram að

stúlkan hafi látið vel af stöðu sinni og hafi hún sagst vera ánægð í skóla. Hann hafi lagt fyrir hana próf í því skyni að meta andlega líðan hennar. Hún hafi almennt komið vel út og hvergi farið yfir klínísk mörk varðandi vanlíðan, hvort heldur sem um depurð eða kvíða var að ræða. Þótt hún hafi lýst því sem miklu áfalli fyrir sig að vera fjarlægð af heimili sínu af lögreglu, að tíminn á vistheimilinu hefði verið slæmur og að hún hefði átt erfitt með svefn, hafi það lagast eftir að hún fór til föður síns. Hún hafi sagt að henni liði vel hjá honum. Hún hafi verið ákaflega hreykin af því að hafa mætt vel í skólann síðan þetta gerðist og ekki hafi verið annað að merkja en að henni hefði liðið vel í þessum aðstæðum. Fengi hún að ráða einhverju um búsetu myndi hún velja að búa hjá móður sinni. Hins vegar hafi verið augljóst að tilhugsunin um að búa hjá föður sínum í vetur hafi verið henni léttbær.

Óumdeilt er í málinu að fjarvistir stúlkunnar úr skóla hafa verið verulegar og langvarandi, eins og þegar hefur verið lýst. Sóknaraðila hefur verið veittur margvíslegur stuðningur til að takast á við þennan vanda án þess að það hafi leitt til viðunandi árangurs. Aðstæður stúlkunnar hafa vegna þessa verið óviðunandi en forsenda fyrir því að hún fái viðhlítandi uppeldi og kennslu er að skólasókn hennar verði með eðlilegum hætti. Tilgangur varnaraðila með vistun stúlkunnar utan heimilis er að koma reglu á skólagöngu hennar og liggur ekki annað fyrir en að það hafi tekist.

Áður en gripið er til þvingunarúrræða, eins og gert var með hinum umdeilda úrskurði, ber barnaverndarnefnd að grípa til úrræða eftir því sem við á með samþykki foreldra samkvæmt 24. og 25. gr. barnaverndarlaga. Hafi slík úrræði ekki skilað árangri að mati barnaverndarnefndar eða þau reynst ófullnægjandi og brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarnefnd með úrskurði kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem vistun á heimili, sbr. b-lið 1. mgr. 27. gr., sbr. 26. gr. barnaverndarlaga. Mat varnar aðila var, eftir að hafa reynt að veita sóknaraðila og stúlkunni margvíslegan stuðning, meðal annars í samráði við skóla og aðra aðila, eins og hér að framan er lýst, að nauðsynlegt hafi verið að grípa til þess að taka stúlkuna af heimili sóknaraðila og vista hana á heimili föður hennar. Dómurinn fellst á þetta mat enda var úrræðinu beitt til að tryggja hagsmunni stúlkunnar þannig að hún færi að ganga í skóla eins og henni ber að gera og er henni augljóslega mikilvægt og nauðsynlegt. Þótt vísað sé til þess af hálfu sóknaraðila að aðgerðin, þegar stúlkan var fjarlægð af heimilinu, hafi verið harkaleg, verður að telja að öll lagaskilyrði hafi verið uppfyllt fyrir þeirri ákvörðun sem tekin var með úrskurðinum í þeim tilgangi að tryggja hagsmuni og velferð stúlkunnar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga. Úrskurðurinn verður því ekki felldur úr gildi vegna annmarka að þessu leyti eða með vísan til þess að brotið hafi verið gegn 80. gr. barnaverndarlaga. Tengsl stúlkunnar við sóknaraðila hafa ekki verið rofin að öðru leyti en því að stúlkan býr ekki sem stendur hjá móður sinni en hún hefur ríflega umgengni við hana.

Staðhæfingar sóknaraðila um að stúlkan hafi fengið ranga greiningu í skóla eru hvorki studdar viðhlítandi röksemdum né gögnum. Í læknisvottorði frá 13. desember sl., sem hér að framan er vísað til, kemur fram að skólaganga stúlkunnar hafi verið slitrótt, bæði vegna flutninga og vegna þess að mætingar hafi ekki verið sem skyldi. Þótt fram komi í vottorðinu að skýringa á því megi að hluta leita í því, að þörfum hennar fyrir sérkennslu, námsstuðning og skilning hafi ekki verið mætt á fullnægjandi hátt, kemur ekki fram á hverju þetta er byggt. Þá verður ekki dregin sú ályktun af gögnum málsins að skóli og aðrir aðilar, sem veitt hafa stúlkunni

meðferð og stuðning, hafi ekki brugðist rétt við rót vandans. Gögn málsins verða heldur ekki skilin þannig að ofsakvíði stúlkunnar og þunglyndiseinkenni séu afleiðing af því að lesblindu hennar hafi ekki verið sinnt á sínum tíma eða að orsök vandans sé að litið hafi verið fram hjá hinum raunverulega vanda og hann ekki meðhöndlaður. Þar með er ekki fallist á að sóknaraðili hafi fært viðhlítandi rök eða lagt fram gögn sem sýna fram á að aðstæður stúlkunnar hafi verið ranglega metnar eða að hún hafi fengið ranga greiningu eða meðferð eða að ekki hafi verið brugðist rétt við námserfiðleikum hennar og vandamálum sem hún hefur átt við að glíma varðandi slaka skólasókn.

Með vísan til alls þessa svo og til b-liðar 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga verður að telja úrskurðinn lögmætan. Samkvæmt því er ekki fallist á kröfu sóknaraðila um að fella hann úr gildi.

Varnaraðili krefst þess að dómurinn úrskurði að stúlkan verði vistuð utan heimilis sóknaraðila í átta mánuði samkvæmt 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga frá 23. október 2009 að telja. Krafan er byggð á því að þetta sé nauðsynlegt. Með vísan til þess sem fyrir liggur í málinu og hér hefur verið rakið, og samkvæmt heimild í framangreindu lagaákvæði, er fallist á það mat varnaraðila. Krafan er því tekin til greina.

Af hálfu varnaraðila er ekki krafist málskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Samkvæmt 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. barnaverndarlaga hefur sóknaraðili gjafsókn í málinu. Þer samkvæmt því að greiða allan kostnað vegna málsins úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 250.000 krónur sem er ákveðin án virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kveður upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, A, um að úrskurður varnaraðila, Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, frá 20. september sl. verði felldur úr gildi, er hafnað.

Vararaðila er heimilt að vista dóttur sóknaraðila, B, utan heimilis sóknaraðila í átta mánuði frá 23. október 2009 að telja.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 250.000 krónur.

Sigríður Ingvarsdóttir.